

ina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum **210**  
Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. 30. nóv.

## V. ÝMIS ÁKVÆÐI

### A. Söluskattur.

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

### B. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár nr. 94/1958 og nr. 21/1959.

### C. Bráðabirgðaákvæði um framkvæmd gjaldskrárbreytingarinnar.

Verðhækkun sú, sem fólgin er í gjaldskrá þessari á raforku og mælaleigu, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt álestri mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 6% álagi.
2. Notkun samkvæmt álestri í öðrum mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal greidd samkvæmt eldri gjaldskrá með 12% álagi.
3. Notkun samkvæmt álestri í þriðja mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal reiknuð á einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. nóvember 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir barnaheimili Templara, Skálatúni, **211**  
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1960. 16. des.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimili Templara, Skálatúni.

### 1. gr.

Barnaheimilið er stofnað af Umdæmisstúkunni nr. 1 í Góðtemplarareglunni á Íslandi, samkvæmt fundarsamþykkt á haustþingi hennar 16. nóvember 1941.

### 2. gr.

Barnaheimilið er sjálfseignarstofnun.

### 3. gr.

Eignir stofnunarinnar eru samkvæmt ársreikningi 31. des. 1959:

A. Jörðin Skálatún ásamt mannvirkjum, bókfært verð kr. 1 040 000.00.

- 211 B. Búpeningur og vélar í Skálatúni, bókfært verð kr. 210 000.00.  
 16. des. C. Áhöld og innanstokksmunir, bókfært verð kr. 130 000.00.  
 D. Peningar og ýmsir viðskiptamenn, bókfært verð kr. 106 928.62.  
 Skuldir 31. des. 1959 eru þessar:  
 A. Veðskuldir kr. 407 683.75.  
 B. Vixlar, kr. 165 000.00.  
 C. Bæjarsjóður Reykjavíkur, kr. 150 000.00.  
 D. Opinber gjöld, kr. 26 526.75.

## 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að stofnuninni muni áskotnast árlega fé frá styrktarfélagum og eftir sérstaklega ákveðnum fjáröflunarleiðum, sem stjórn stofnunarinnar, umdæmisstúkan og Styrktarfélag vangefinna annast.

## 5. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að reka barnaheimili, sérstaklega fyrir vangefin börn, á þeim grundvelli og í framhaldi af því starfi, sem þegar hefur verið unnið í Skálatúni.

Ef ástæða þykir til og ástæður leyfa, er stjórninni heimilt að ákveða, að starfsemi heimilisins miðist ekki eingöngu við börn heldur einnig vangefið fólk á öðrum aldri.

Stjórn stofnunarinnar ákveður töku barna á heimilið í samráði við lækni, sem hún kveður sér til aðstoðar.

## 6. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eiga sæti 5 menn, og skulu þeir þannig skipaðir, að framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 og stjórn Styrktarfélags vangefinna kjósa hvor um sig tvo menn, en landlæknir skipar þann fimmta, og er hann formaður. Jafn margir varamenn skulu valdir með sama hætti. Kjörtímabil stjórnarinnar er 4 ár, og telst í fyrsta skipti samkvæmt skipulagsskrá þessari frá 15. júlí 1960.

## 7. gr.

Óheimilt er að hafa vin um hönd á vegum stofnunarinnar.

## 8. gr.

Stjórnin annast allan rekstur stofnunarinnar með þeirri verkaskiptingu, sem í 9. gr. segir. Hún heldur aðalfund sinn í febrúarmánuði ár hvert. Þegar eftir aðalfund sendir stjórnin framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1, stjórn Styrktarfélags vangefinna og landlækni starfsskýrslu ásamt reikningum stofnunarinnar fyrir síðasta starfsár.

## 9. gr.

Þegar stjórnarformanni hefur borizt tilkynning um skipun sína, boðar hann hina nýju stjórn á fund og gengst þar fyrir kosningu ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til fundar í samráði við ritara, stjórnar þeim og sér um að ályktanir stjórnarfunda séu framkvæmdar. Hann getur þegar þörf krefur, kvatt aðra stjórnarnefndarmenn sér til aðstoðar, eða ráðið sérstaka menn til þess að annast ákveðið verk, með samþykki stjórnarinnar. Formaður leggur fram á aðalfundi ritaða skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.

Í forföllum formanns gegnir varaformaður störfum hans.

Ritari heldur nákvæma bók yfir allt það, sem gerist á stjórnarfundum, svo og um annað það utan fundar, sem máli getur skipt. Hann annast allar bréfaskriftir,

heldur öllum bréfum, skjölum og skilríkjum saman og varðveitir, og skilar því **211**  
 síðan að starfstíma loknum í hendur eftirmanni sínum. 16. des.

Gjaldkeri hefur með höndum fjárreiður stofnunarinnar. Hann má ekki greiða fé úr sjóði hennar, nema því aðeins að formaður hafi samþykkt greiðsluna, og geyma skal hann sjóðinn í banka með ríkisábyrgð. Gjaldkeri heldur nákvæma bók yfir tekjur og gjöld stofnunarinnar og fyrir janúarmánaðarlok skilar hann endurskoðendum í hendur reikningum fyrir liðið starfsár.

Á aðalfundi leggur gjaldkeri reikningana fyrir stjórnina til úrskurðar, ásamt athugasemdum endurskoðenda.

Gjaldkeri fær sér tvo ábyrgðarmenn og skal framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar samþykkja annan ábyrgðarmanninn, en stjórn Styrktarfélags vangefinna hinn.

#### 10. gr.

Heimilt er stjórninni að ráða sérstakan framkvæmdastjóra og fela honum nánar tiltekið verksvið.

#### 11. gr.

Endurskoðun reikninga stofnunarinnar fer fram í febrúarmánuði ár hvert. Endurskoðendur séu tveir og skal annar kosinn af framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar í októbermánuði ár hvert, en hinn af stjórn Styrktarfélags vangefinna á sama tíma. Framangreindar félagsstjórnir geta þó ákveðið, að endurskoðun skuli falin löggiltum endurskoðanda. Slík samþykkt gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

#### 12. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

#### 13. gr.

Reikningar stofnunarinnar skulu sendir framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1, skrifstofu stórstúkunnar, stjórn Styrktarsjóðs vangefinna og landlækni.

#### 14. gr.

Stjórnin setur reglur um starfstilhögun stofnunarinnar, svo og um nytjun jarðar. Þyki stjórninni ástæður þannig, að rétt sé um tíma að fela opinberri stofnun allan rekstur barnaheimilisins, eftir þar um gerðum samningi, er stjórninni það heimilt, enda samþykki framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 og stjórn Styrktarfélags vangefinna slíka ráðstöfun.

#### 15. gr.

Nú verður ekki lengur þörf á að reka heimilið, sbr. 5. gr., eða rekstur stofnunarinnar leggst niður af einhverjum ástæðum öðrum, svo sem ef góðtemplara-reglan eða Styrktarfélag vangefinna telja sér ekki fært að reka stofnunina eða samtök þessi hætta að starfa, og skal þá ríkisstjórnin ráðstafa eigninni, og sjá um, að hún eða andvirði hennar umfram skuldir, verði notað til mannúðarstarfsemi, einkum til styrktar vangefnu fólki, eftir því sem bezt hentar á hverjum tíma.

#### 16. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, þarf samþykki framkvæmdanefndar umdæmisstúkunnar og stjórnar Styrktarfélags vangefinna og séu  $\frac{2}{3}$  hvors aðila fyrir sig með breytingunni. Enn fremur þarf samþykki stórtemplars. Þá þarf og staðfestingu ríkisvaldsins til þess að breytingin öðlist gildi.

211

16. des.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi numin skipulagsskrá fyrir barnaheimili templara nr. 86 25. maí 1946 (Stj.tíð. 1946, B., bls. 160—162), að því er Skálatúnsheimilið snertir. En hin gamla tilvitnaða skipulagsskrá frá 1946 heldur áfram að gilda fyrir Kumbaravogseignina þar til önnur skipan verður á því ger, enda skilst Kumbaravogur nú alveg frá Skálatúnsheimilinu og verður leystur úr þeim veðböndum, sem hann komst í við lántöku frá Tryggingastofnun ríkisins, samkvæmt veðbréfum, dags. 26. jan. 1953 og 26. júlí 1956, hið fyrra bréfið upprunalega að fjárhæð 100 000.00 kr. nú að eftirstöðvum kr. 65 000.00, og hið síðara upprunalega að fjárhæð 165 000.00 kr., nú að eftirstöðvum kr. 115 500.00, og tekin voru bæði handa Skálatúnsheimilinu.

Verður því Kumbaravogseignin að öllu leyti skuldlaus, svo sem hún áður var fyrir lántökurnar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

17. gr.

Að fengnu samþykki þeirra aðila, sem tilgreindir eru í 16. gr. hér að framan, skal leita staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

F. h. Umdæmisstúkunnar nr. 1,  
Hreiðar Jónsson.

F. h. Styrktarfélags vangefinna,  
Hjálmar Vilhjálmsson.

Veiti hér með samþykki mitt.

Reykjavík, 16. desember 1960.

B. S. Bjarklind,  
stórtemplar.

212

19. des.

## H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir Súðavík.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru bein lína, sem hugsast dregin úr Þormóðarnesi yfir Álftafjörð í Rauðanef á Kambsnesi, bein lína úr Þórðarsteinum yfir Álftafjörð í Hamar á Sjötúnahlið og ströndin innan þeirrar línu.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirsýningunni samgöngumálaráðuneytisins. Hún kýs úr sínum hópi, eftir hverjar hreppsnefndarkosningar, þriggja manna hafnarnefnd og er kjörtími hennar sami og hreppsnefndarinnar.

##### 3. gr.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmdir hafnarmálanna og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og annað þar að lútandi. Hún